

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2003

frá 16. maí 2003

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/44/EB frá 25. júní 2002 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu að því er varðar áhættu fyrir starfsmenn vegna eðlisfræðilegra áhrifavalda (titrings) (sexánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16j (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB):

„16ja. **32002 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/44/EB frá 25. júní 2002 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu að því er varðar áhættu fyrir starfsmenn vegna eðlisfræðilegra áhrifavalda (titrings) (sexánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/44/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB 38, 13.2.2003, bls. 38 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, p. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 177, 6.7.2002, bls. 13.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.